



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 23. október 2007

Tilvísun: UST20070900043/ksj

Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009

Vísað er til erindis frá Jóhanni B. Helgasyni sviðsstjóra umhverfissviðs Ísafjarðar sem barst þann 12. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 1989-2009. Með erindinu hafa borist uppdráttur af breytingartillögunni og greinargerð.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar felst í því að ofan við íbúðarbyggð í Holtahverfi komi snjóflóðavarnir. Holtahverfið er staðsett á sléttlendi sem er undir bröttum hlíðum fjallsins Kubba sem er milli Engidals og Dagverðardals. Á svæði sem á samþykktu aðalskipulagi er merkt athafnasvæði kemur efnistökusvæði og snjóflóðavarnargarður og í hlíðum Kubba þar sem heitir Brattahlíð kemur stoðvirkjasvæði og vinnusvæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við breytingartillöguna.

Í greinargerð með uppdrætti að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009 kemur í ljós að af 4 kostum sem skoðaðir voru er sá kostur ákjósanlegastur að reisa snjóflóðavarnargarð og fara í gerð stoðvirkja til að forða Holtahverfi frá hættum af völdum skriða og snjóflóða. Af þessum framkvæmdum munu verða sjónræn áhrif, þar sem framkvæmdir verða að hluta til hátt uppí Brattahlíð og snjóvarnargarður sem mun koma þar sem áður var athafnasvæði verður 12-18 metrar á hæð og um 260 metrar á lengd. Einnig þarf að fara í töluverða efnistöku eða alls 150.000 rúmmetra. Í greinargerð kemur fram að búist er við að öll efnistaka verði á vinnusvæðinu, en efnistökusvæði í Dagverðdal verði til vara. Alls mun svæðið ná yfir 4 hektara.

Umhverfisstofnun gerir sér grein fyrir að um óhjákvæmilega framkvæmd er að ræða svo auka megí öryggi íbúa Holtahverfis með tilliti til snjóflóða, en fram kemur í greinargerð með breytingartillögunni að stór hluti hverfisins er á hættusvæði vegna snjóflóða. Einnig kemur fram í greinargerðinni að framkvæmdin er matsskyld og tilkynningaskyld.


Frágangur

Framkvæmdin mun valda miklum sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun leggur því áherslu á að frágangur verði vandaður og framkvæmdirnar látnar falla eins vel inni umhverfið og kostur er. Mikilvægt er að fláinn á snjóflóðavarnagarði sé felldur vel að landi. Öll sár þarf að græða upp. Sérstaklega þarf að huga að svæðum hátt uppi í klettabelti, þar mun allt rask blasa við og því sérlega mikilvægt að frágangur sé vandaður.


Efnistaka

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að haft verði samráð við Stofnunina um frágang.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Helgi Jónsson
Forstöðumaður

Afrit
Skipulagsstofnun